

Foreldrakönnun Hulduheima haust 2025

Könnunin var lögð fyrir foreldra seinnipart nóvember með tengli í tölvupósti á alla foreldra (alls 224) þar sem óskað var eftir að 1 foreldri frá hverju heimili myndi svara, 84 svör bárust. Deildarstjórar fengu niðurstöður til sín og gátu farið yfir allar ábendingar með starfsfólki sinna deilda.

Helstu niðurstöður voru þessar;

- Spurt var **hversu ánægð eða óánægð fjölskyldan væri með leikskólann almennt**. 97% voru mjög eða frekar ánægð (52 mjög ánægð, 29 frekar ánægð og 3 hvorki né. Engir sem svöruðu voru mjög eða frekar óánægð). Fólk hafði tækifæri til að lýsa því hvað það væri ánægt eða óánægt með. Það sem fjölskyldur voru helst ánægð með var gott og hlýlegt starfsfólk og að börnum þeirra liði vel í leikskólanum en einnig faglegt og gott innra starf með börnunum. Það komu fáar athugasemdir um það sem fólki líkar ekki eða eru óánægð með en það var þá helst skráningardagar og lokanir leikskóla vegna skipulagsdaga starfsfólks og skilaboð/upplýsingar til foreldra stundum ábótavant í lok dags, þegar börn eru sótt.
- Spurt var **hversu vel eða illa foreldrum fannst aðlögun ganga** (börn sem voru að byrja í Hulduheimum á haustönn. 35 svarendur áttu börn sem voru að byrja á haustönn. 22 sögðu að aðlögun hefði gengið mjög vel, 11 frekar vel, 2 hvorki vel né illa, 1 frekar illa og 0 mjög illa. Foreldrar fengu tækifæri til að lýsa því sem gekk vel og/eða illa. Það sem fjölskyldur voru helst ánægðar með var að vel var tekið á móti barni og fjölskyldu og aðlögun vel skipulögð. Það sem hefði mátt betur fara var t.d. í tilfelli þar sem voru starfsmannabreytingar í aðlögun eða fljótlega eftir það og þar sem þótti vanta að einn starfsmaður tengdist barninu.
- 18 sögðust hafa átt **börn sem voru að flytja milli deilda í haust**. 10 þótti það ganga mjög vel, 6 frekar vel, 2 hvorki vel né illa. 0 mjög eða frekar illa. Foreldrar fengu tækifæri til að nefna hvað gekk vel og/eða illa. Fólki þótti vel staðið að undirbúningi, gott að barnið hafði aðeins kynnst deildinni fyrir sumarfrí. Engar athugasemdir um það sem betur mætti fara.
- Flestum svarendum þóttu **vel tekið á móti börnum sínum á morgnana**. Þessi liður fékk 4,49 störnur af 5.
- Flestum svarendum þótti **barnið sitt vel kvatt í lok dags**. Þessi liður fékk 4,42 stjörnur af 5.
- Spurt var um **skoðun foreldra á upplýsingaflæði frá leikskóla til heimilis og fólk** beðið um að segja hvað væri gott og/eða slæmt. Flestir eru ánægðir og tala um gott upplýsingaflæði t.d. með Völu, upplýsingatöflum fyrir utan deildirnar og facebookhóp deilda. Gott að fá mánaðarskipulagið en á sumum deildar vantar meiri upplýsingar um hvað börnin eru að gera t.d með reglulegum upplýsingapóstum frá deildarstjóra. Það sem einnig má betur fara eru

upplýsingar í lok dags t.d ef eitthvað hefur komið upp á. Einnig nefndu sumir að það væri gott að fá lengri fyrirvara varðandi uppákomudaga. Einnig mætti bæta upplýsingar um nýtt starfsfólk inni á deildum.

- Spurt var **hvort foreldrar þekki áherslur leikskólans**. 13% svarenda þekkja þær mjög vel, 57% frekar vel, 28% þekkja þær hvorki vel né illa, 2 svarendur þekkja þær illa eða ekki.
- Foreldrar voru beðnir að **lýsa með 1-3 orðum eða setningu hvað þau vildu að barnið læri í leikskólanum**, hvað ætti að leggja áherslu á. Þau orð sem voru oftast nefnd voru *Samskipti/félagsfærni, virðing og sjálfstæði*.
- Foreldrar voru spurðir **hvort þeir telji að innra mat (t.d svona skoðanakönnun) leiddu til umbóta**. 71% (N=60) sögðu já, 7% (N=6) sögðu nei og 21% (N=18) vissu það ekki.
- **Að lokum gafst foreldrum tækifæri til að koma einhverju á framfæri**. Þó nokkrir sendu inn ábendingar, þakkir og hvatningarorð. Föstudagsskráningar voru m.a. nefndar og þá óskir um að geta fest skráningar en einnig spurt hvort að væri búið að gera könnun um skráningardagana.